

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis, tóbaks og annarra vara, sem ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn, sbr. 1. gr., og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna. Þó getur fjármálaráðherra veitt öðrum aðilum heimild til innflutnings á lifandi gerlum, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem sett kunna að verða fyrir slíkri heimild.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar og framleiðsla áfengra drykkja. Þá er öðrum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óheimilt að framleiða bruggunarefni, svo og hvers konar lifandi gerla, nema til komi sérstakt leyfi fjármálaráðherra.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra ákveður á hverjum tíma útsöluverð áfengis, tóbaks og annarra vara, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 1. gr. Álagningarhlutfall á vindlingum (sigarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gagnvart vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Vörur, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flytur inn eða framleiðir og getið er í 1. og 2. mgr. 1. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Þó getur fjármálaráðherra heimilað öðrum aðilum dreifingu á lifandi gerlum, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem hann telur nauðsynleg. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

5. gr.

Í stað 1. mgr. 7. gr. laganna komi tvær málsgreinar er orðist svo:

Áfengi og tóbak, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal merkt með nafni verslunarinnar og/eða merki hennar.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er skylt að verja 2% af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim aðilum, sem við gildistöku þessara laga eiga birgðir af tilbúnum bruggunarefnum svo og birgðir af hvers konar lifandi gerlum, er frjálst að selja þær fram til 1. janúar 1980. Að þeim tíma liðnum skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skylt að kaupa þær birgðir, sem viðkomandi aðilar kunna að eiga af framan-töldum vörum, á verði, sem ákvæðið skal af dómkvöddum matsmönnum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um og eftir 1970 tók að bera nokkuð á innflutningi og verslun með tilbúin bruggunarefni (öl- og víngerðarefni) í neytendaumbúðum. Framan af var um tiltölulega lítið magn að ræða en hins vegar hefur orðið mjög veruleg aukning innflutnings og verslunar með þessi efni síðastliðin þrjú til fjögur ár. Á þessu tímabili hefur a. m. k. eitt íslenskt fyrirtæki hafið framleiðslu á tilbúnum bruggunarefnum. Auk þessa hefur innflutningur og sala á hvers konar gerlum, bæði víngeri og pressugeri, verið algerlega frjáls síðan 1969 en þá var einkasala ÁTVR á pressugeri afnumin, sbr. lög nr. 63/1969. Ef umrædd efni eru fyrir hendi er næsta auðvelt að framleiða á tiltölulega skömmum tíma áfenga drykki. Raunin hefur og orðið sú, eins og flestum má reyndar vera kunnugt, að framleiðsla eða bruggun áfengra drykkja í heimahúsum og á vinnustöðum hefur aukist gífurlega í kjölfar hinnar frjálsu verslunar með umrædd efni.

Samkvæmt 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er bannað að brugga eða búa til áfengi á Íslandi. Þetta skýlausa bannákvæði dugar skammt í baráttu við þá óheillavænlegu þróun sem átt hefur sér stað í þessum efnunum á undanförunum árum, þar eð áfengislöggjöfin er að öðru leyti mjög ófullkomin og veitir ekki möguleika til að fylgja banni þessu eftir svo að vel sé. Skv. 2. gr. áfengislaganna er áfengi skilgreint á þessa leið: „Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, sem þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.“ Í skjóli þessa ákvæðis má segja að sala umræddra efna hafi þrífist. Þeir aðilar sem hafa séð um innflutning og dreifingu umræddra vara hafa einfaldlega bent kaupendum á hvernig þeir eiga að halda styrkleika „bruggsins“ innan lögleyfðra marka og hverju það varði fari hann fram úr lögleyfðu hámarki. Þess skal getið hér, að þó svo að 2. málsl. 2. gr. taki til dufts, sem leysa megi upp í vatni, þá nær ákvæðið ekki til umræddra efna, því að þótt þau séu leyst upp í vatni nægir það eitt sér ekki til þess að úr verði áfengur vökvi, heldur þarf a. m. k. að bæta við þau sykri og gerlum. Samkvæmt gildandi löggjöf verða brot á 7. gr. áfengislaganna varla sönnuð nema með því að staðreyna að áfengi hafi verið framleitt úr nefndum efnunum. Til þess að svo megi verða þarf að hafa hendur í hári þeirra sem kaupa þessi efni í smásölu og framleiða eða brugga úr þeim áfenga drykki, t. d. í heimahúsum. Af skiljanlegum ástæðum hafa lögregluþyrirvöld verið treg til aðgerða af þessu tagi. Á meðan söluaðilar umræddra efna geta skákað í því skjóli að brugga megi óáfenga drykki úr efnunum, þótt sá sé eðlilega ekki tilgangur þeirra sem kaupa þessi efni til bruggunar, má ljóst vera af framansögðu að þess er ekki að vænta að hægt verði að stemma stigu við ólöglegri bruggun hérlendis að óbreyttum lögum.

Nýlega var að tilhlutan fjármálaráðuneytisins athugað fræðilega hve mikið áfengi mætti framleiða úr því magni bruggunarefna sem stærsti innflutningsaðili þessara efna flutti inn á árinu 1978. Niðurstöður athugunar þessarar, sem unnin var af ölgerðarverkfræðingi, leiddu í ljós að úr ofangreindum efnunum, sem aðeins umræddur aðili flutti inn, mátti a. m. k. framleiða áfengi sem samsvarar ca. 250 þúsund 0,7 lítra flöskum af brennivíni með 40% rúmmálsprósentu styrkleika.

Af því sem hér að framan hefur verið rakið má ljóst vera að auk þeirra alvarlegu félagslegu vandamála, sem fylgja eða fylgja kunna ástandi því sem nú ríkir í þessum málum, hefur ríkissjóður þegar orðið fyrir mjög verulegu tekjutapi af þessum sökum. Í þessu sambandi er vert að geta þess að tekjur ÁTVR af áfengissölu á s. l. ári voru ca. 1,5 milljarði kr. lægri en gert var ráð fyrir að þær yrðu samkvæmt fjárlögum 1978. Þá eru tekjur ÁTVR af áfengissölu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs ca. 20% lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Verði ekkert aðhafst til að

hamla gegn þessari þróun hefur það í för með sér að tekjur ÁTVR verða a. m. k. 3 milljörðum kr. lægri í ár en gert var ráð fyrir að þær yrðu samkvæmt fjárlögum.

Í framhaldi af þessu skal þess getið að svipuð vandamál hafa verið uppi annars staðar á Norðurlöndum. T. d. gripu Svíar til þess ráðs í ársbyrjun 1978 að banna með lögum notkun á „extrakti“ og „koncentrati“ úr malti, þrúgusafa eða öðrum ávaxtasafa við framleiðslu á áfengi. Sala þessara efna (sem hér að framan hafa verið nefnd tilbúin bruggunarefni) er talin hlutdeild í brotum á þeim ákvæðum sem banna notkun efnanna við bruggun. Engu að síður er bruggun áfengra drykkja leyfileg í Svíþjóð ef aðeins er notast við ávexti, malt, ómalað korn o. s. frv. sem grunnefni og þess jafnframt gætt að áfengisstyrkleikinn fari ekki fram úr 4,5%. Þá gekk um síðustu áramót í gildi hann í Finnlandi við notkun tilbúinna bruggunarefna við bruggun áfengra drykkja. Þessar aðgerðir Svía og Finna eiga rætur sínar að rekja til þess, að tekjur ríkjanna af áfengissölu höfðu stórlækkað síðastliðin ár um leið og sala framangreindra efna, sem auðvelda bruggun áfengra drykkja afar mikið, hafði stórauðist. Þá hafa Danir og Norðmenn átt við sömu vandamál að stríða undanfarin ár og talið er líklegt að þeir gripu til svipaðra aðgerða og Svíar og Finnar hafa þegar gert.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni einni verði heimilt að flytja inn eða framleiða tilbúin bruggunarefni svo og hvers konar lifandi gerla. Þessi tilhögun hefur verið ríkjandi varðandi innflutning áfengis og tóbaks hérlandis. Með tilbúnum bruggunarefnum er einkum átt við „extrakt“ og „koncentrat“ (þykkni og sterkar lausnir) af malti, þrúgusafa eða öðrum ávaxtasafa sem sérstaklega eru framleidd til bruggunar á áfengu öli eða víni (svokölluðu hraðvíni). Þeir tollflokkar, sem vörur þessar flokkast helst undir, eru tnr. 19.02.02 (maltextrakt), 20.07.11 til 20.07.70 (ávaxtakoncentrat) og 21.07.19 (þ. e. svokölluð bruggsett, en þar er um að ræða framangreind efni ásamt ýmsum öðrum hjálparefnum, eins og t. d. geri, hreinsiefnum o. fl., allt í sömu umbúðunum). Þá er nauðsynlegt, ef aðgerðir af þessu tagi eiga að bera raunhæfan árangur, að færa innflutning og sölu á lifandi gerlum aftur í hendur hins opinbera, en notkun gerla er nauðsynleg við bruggun áfengra drykkja. Lifandi gerlar eru nær einungis notaðir við bakstur (pressuger) og framleiðslu á öli, miði og víni (ól- og vínger) og flokkast í tnr. 21.06.01. Samkvæmt þessu frumvarpi er þó gert ráð fyrir að heimila megi öðrum aðilum en ÁTVR innflutning og sölu á gerlum enda uppfylli þessir aðilar skilyrði sem sett kunna að verða í því sambandi. Kemur einkum til álita að heimila öðrum aðilum innflutning á pressugeri enda verði tryggt að það verði einungis notað til brauð- og kökugerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt nógildandi lögum hefur ríkisstjórnin ein heimild til innflutnings á vínanda, áfengi, tóbaki, vindlingapappír og eldspýtum. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin öðlist einnig einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum bruggunarefnum, hverju nafni sem þau kunna að nefnast, þar með töldum hvers konar lifandi gerlum. Undir þetta ákvæði fellur m. a. „extrakt“ og „koncentrat“ (þykkni eða sterkar lausnir) af malti, þrúgusafa eða öðrum ávaxtasafa sem sérstaklega er framleitt til notkunar við bruggun á öli og víni (svokölluðu hraðvíni). Notkun þessara efna stytir verulega þann tíma sem annars tekur að brugga áfenga drykki, og krefst mjög lítillar verkkunnáttu, andstætt því sem raunin er þegar malt eða ávextir eru notaðir sem grunnefni við bruggun. Efni þessi auðvelda þannig mjög verulega bruggun áfengra drykkja. Skv. lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. flokkast umrædd efni einkum undir eftirtalin tollskrárnúmer: Tnr. 19.02.02 (maltextrakt), tnr. 20.07.11 til tnr. 20.07.70 að báðum meðtöldum (ýmiss konar ávaxtakoncentröt) og tnr. 21.07.19 (svokölluð bruggsett, þ. e. a. s. eithvert framangreindra

efna, ásamt ýnisum hjálparefnum við bruggun, svo sem lifandi gerlar, hreinsiefni, sölt o. fl., allt í sömu umbúðunum). Þá falla undir ákvæðið hvers konar lifandi gerlar, sem flokkast undir tollskrárnúmerið 20.06.01, en hér er einkum um öl-, vín- og pressuger að ræða.

Um 2. gr.

Á sama hátt og gilt hefur um allar einkaleyfisvörur samkvæmt lögum nr. 63/1969 er lagt til að ÁTVR annist innflutning þeirra vara sem um er rætt í 1. gr. frumvarpsins, svo og að henni verði einni heimiluð framleiðsla þeirra eins og annarrar einkaleyfisvöru skv. lögum nr. 63/1969. Þó er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti veitt öðrum aðilum heimild til innflutnings á lifandi gerlum eða framleiðslu þeirra og bruggunarefna, enda uppfylli viðkomandi aðilar þau skilyrði sem sett verða og nauðsynleg eru talin til að tryggja að þessi efni verði eigi notuð í ólöglegum tilgangi. Kemur einkum til álita að veita öðrum aðilum en ÁTVR heimild til innflutnings á pressugeri.

Skv. 2. mgr. 2. gr. gildandi laga er ÁTVR einni heimil framleiðsla áfengra drykkja annarra en öls. Skv. 2. mgr. 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er ríkisstjórninni hins vegar heimilt að leyfa tilbúning áfengs öls vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Þar sem ríkisstjórninni er heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls í þessum tilgangi sýnist mjög óeðlilegt að ÁTVR skuli óheimilt samkvæmt lagaboði að öðlast slíkt leyfi. Í ljósi þessa ósamræmis er því lagt til að orðin „annarra en öls“ verði felld niður úr 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Hér er í raun aðeins um samræmingu lagaákvæða að ræða, en ekki um neina efnislega breytingu, þar eð eftir sem áður er bannað að flytja inn eða framleiða áfengt öl fyrir innanlandsmarkað, sbr. 3. og 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 3. gr. að öðru leyti en því að fjármálaráðherra skal einnig ákveða verð þeirra vara sem um getur í 1. gr. þessa frumvarps.

Um 4. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 5. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að hún tekur og til dreifingar á þeim vörum sem um ræðir í 1. gr. þessa frumvarps og samkvæmt henni er ráðherra heimilt að veita öðrum aðilum en ÁTVR heimild til dreifingar á lifandi gerlum. Nægir í þessu sambandi að vísa til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins að breyttu breytanda.

Um 5. gr.

Allar vörur sem ÁTVR selur ber samkvæmt gildandi lögum að merkja með nafni verslunarinnar og/eða merki hennar. Tæknilegir örðugleikar hafa valdið því að æ erfiðara hefur reynst að fá eldspýtur, sem ÁTVR flytur til landsins, merktar á þennan hátt. Er því lagt til að framvegis verði aðeins skylt að merkja á þennan hátt allt áfengi og tóbak sem ÁTVR selur.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Nauðsynlegt er að gefa aðilum, sem stundað hafa innflutning, framleiðslu og sölu þeirra efna sem samkvæmt frumvarpi þessu eru gerð að einkasöluvöru, nokkurn tíma til að losa sig við birgðir sem þeir kunna að eiga af þeim er lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.